

## Guðrún Skúladóttir á Torfalæk 1824<sup>1</sup>

Ár 1824, þann 7. maí, var að beiðni hlutaðeigenda uppteiknað og tekið til virðingar af undirskrifuðum tilfallið sterbú eftir madame Guðrúnu sál. Skúladóttur að Torfalæk, sem burtkallaðist sama staðar þann 29. næstliðins apríl mánaðar. Hlutirnir voru svo framvísaðir af ekkjumanninum, stúdent Ólafi Ingimundarsyni, virtir til rd. og sk. s.v. sem eftir fylgir:

1. Bækur	Rd.	Sk.
Biblía þess breska og útlenda félags	2	
Magister Vídalíns húspostilla	2	
Grallari gamall, 15. edition		28
Sálmabók prentuð á Hólum 1751		48
Sturms Hugvekja, fyrsti partur		24
Ditto, ditto, annar partur, laus í bandi		20
Fæðingarhugvekjur með tvennum bænum biskups Jóns Teitssonar		24
Missiraskipta offur prentað í Hrappsey		24
Miðvikudaga föstuprédikanir biskups Vídalíns		32
Bjarnabænir		6
Diarium séra Hallgríms Péturssonar		16
Skyldan, útlögð af biskupi, mag. Vídalín		16
Samúelis sálmar		10
Hústafla séra Jóns Magnússonar, prentuð í Kaupmannahöfn 1734		20
Krossreglur séra Stefáns Halldórssonar, í góðu bandi		10
Pontoppidans spurningar		6
Líkprédikun yfir madame Sigríði sál. Sigurðardóttur		4
Ditto yfir Gísla valdsmann Magnússon af biskupi mag. Vídalín		6
Bilingvarium Bezæ		16
Biskups Herslebs sjöorðabók, í dönsku		32
Njála laus og rotin, úr bandi		18
Íslendingasögur prentaðar á Hólum (í 4to)		24
Saga af Gustav og Berthold		24
Agnars, Ingvars og Úlfars rímur, defect		10
Hervarar og Sigurðar ditto snarfara		12
Atli séra Björns Halldórssonar		16
Kvöldvaka, fyrri partur		16
Grasnytjakver séra Björns Halldórssonar		16
Lachanologia fyrirögmans <sup>2</sup> Eggerts Ólafssonar		12
Orðabók candidats theol. Gunnlaugs Oddsens		32
Tyro juris (eldri útgáfan)		24
Maanedes Tidende, frá 1774		4
Lærdómslista félags, annað bindi		8
Hugvekja til Ísl. innbúa, af M. Stephensen		1
Saga af Parmes loðinbirni		1

<sup>1</sup> Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/3. Skiptaskjöl 1824. Er ekki í skiptabókinni, voru einkaskipti.

<sup>2</sup> Stendur svo.

Hypotyposis Vandalini, í 2 tomis	8
Synopsis Hist. Eccl. sacræ, af Lairiz	2
Nokkrar forordningar Kristjáns 7., á dönsku og Húsaga forordning, á íslensku	24
Mullers Hjertespejl, illa conditioneraður	16
Typus morientium	4
Commentarius de anima, af Phil. Melancthon	2
Átta piecar (bundt) í latínumáli, rotin og laus í bandi	8

## 2. Kvenfatnaður og silfur

Kotpils af rauðu sarsi (kotið), lagt svartri snúru, með 16 silfurmyllum og nál, samt ektavírborða fyrir utan, pilsíð af vaðmáli brytt grænu bandi	5	
Pils og svinta af bláu klæði með lítilfjörlegum ísaum og gylltum silfurhnappi á svintunni	4	48
Græn klæðisföt lögð með frunsu, vönduð	5	64
Kventreyja af grófu klæði með leggingum	1	
Kvenhempa af vaðmáli forn, með saum og leggingum	1	16
Græn klæðissvinta vendt og mikið aukin með fóðri		48
Traf		32
Dökkleitir klútur, þrykktur, af lér[efti], með blómuðum bekkjum		80
Annar þrykktur, gamall		48
Grænteinóttur léreftsklútur, silkidreginn	1	8
Bláleitur ditto, ditto	1	
Hvítur sacramentisklútur með dökkri bródering		48
Rauður silkiklútur	1	
Svartur og rauður damaskklútur	1	48
Tvö rauð hálssilki		64
Treslastokkur <sup>3</sup> lítill		16
25 ermahnappar gamalgylltir og ógylltir, vega 5 lóð	4	
Silfurhnappur gylltur, stór með laufi, og þrír minni, líka gylltir, allir með laufum, vega 4 lóð	3	64
Silfurbelti, c. pör, stokkar og doppur, vega lök 6 lóð	5	48
Tveir kragar betri	1	
Ditto, ditto, miklu lakari		32
Fjórar hnappsilfurskeiðar, [vega] lök 11 lóð	11	
Ein tekskeið af silfri		48
Silfur fótastaup, vegur 3 lóð	2	64
Silfurviggt með tilheyrandi	2	24

## 3. Borðbúnaður og tetöj

Hvítur borðdúkur	80
------------------	----

---

<sup>3</sup> Stendur svo.

Ditto rauðmengaður		24
Teketill lítill	1	32
Kaffikvörn gömul		40
Tvær spilkomur og undirskál, brotið		20
Fjórir gaffalar		14
Fimm nautshyrnings spænir		40
Fjórir steintalerkar hvítir		48
Tveir tindiskar		48
Tvö háflöt tinföt, vega 9 pund	2	32
Tinbarmafat, vegur 3 ½ pund	1	
Kálskál af tini, vegur 3 pund		72
Tinkanna, [vegur] 3 pund		80

#### 4. Rúmfatnaður

Fiðursæng af boldangi, verið lítt nýtt	3	
Lítið hægindi röndótt, með óhreinsuðum æðadún	1	
Svæfill röndóttur með samslags dún		40
Vaðmáls rekkjuvoðir	2	
Brekán (þetta rúm í hússlofti)	1	
Sængurver með fiðri, af íslensku boldangi áfelldum	3	
Koddagarmur með fiðri	1	
Rekkjuvoðir af vaðmáli, nýjar, óþæfðar	2	32
Brekán (þetta vestanvert, framan hússdyr)	1	24
Boldangssængurvergarmur með fiðri	2	
Koddagarmur með sneplum		10
Vaðmáls rekkjuvoðir fornar	1	32
Brekán fornt (þetta austan fram)		64
Dýnuver með heyi, bætt		32
Koddi lítill		4
Ein rekkjuvoð bætt og forn		16
Brekánsarmur bættur		20
Boldangssæng bætt, með fiðri	2	64
Hægindi tvíverað með lítt hreinsuðum æðadún	1	48
Röndóttur koddi lítill		32
Hvítur ditto, ditto		28
Vaðmáls rekkjuvoðir	2	
Brekán	1	48
Lítið sparlak fylgir þessari lokrekkju		24
Vaðmáls rekkjuvoð með ísaum, forn		80
Jaðraábreiða <sup>4</sup> slitin	1	
Nýtt brekán með töluverðum lit	1	64
Annað ditto, litlu lakara	1	48

---

<sup>4</sup> Stendur svo.

Forn brekán	1	
Sparlök frá fremra rúmi í sængurhúsi		64
Vaðmál einbreitt, 12 álnir, óþæft	2	64
Fatavaðmál sauðsvart, frek dönsk alin á breidd, 11 álnir	2	48
Gráleitt fatavaðmál þæft, rúmar 9 álnir	2	24

#### 5. Elds- og búsgögn

Þriggja fjórðunga pottur	2	
Eins og hálf fjórðunga ditto	1	
Fjórðungspottur	1	
Átta mk. pottur		40
Tveir þriggja tunna sáir, gamlir og lekir	4	
Tveggja tunna sár	1	48
Tunnusár nýlegur	1	
Tunnusár garmur		32
Átta mjólkurtrog misjöfn	2	
Tvö sorptrog		32
Tvær fötur nýlegar		48
Tvær aðrar, mikið lakari		24
Tvær vatnsfötur, garmar		24
Fata nýleg, heldur að tveimur fjórðungum		28
Fimm kollur gamlar		80
Ein gömul, stærri		18
Ein nýleg ditto, stór		26
Strokkur heldur, þriggja fjórðunga		72
Ditto minni, garmur		32
Hálfvættar kolla		32
Þrjár ausur misjafnar		12
Fjórir matdiskar og bollar		10
Sjö askar á misjafnri stærð		80
Drykkjartunna gömul		64

#### 6. Kistur og hirslur

Skápur gamall með læsingarmynd		32
Skápur í sængurhúsi	2	
Skápur í skemmunni	2	48
Tvær kistur nokkuð stórar, með læsingum, gamlar	4	
Vættar kista nýleg, skrálæst	2	
Vættar kista nýleg, læsingarlaus (allar í skemmu)	1	64
Tveggja vætta kista (í húsinu)	2	48
Vættarkistugarmur skrálæst	1	24
Kistuskrifli (lokið í tvennu lagi)		32
Stór pallskrína skrálæst		80
Pallkistill lítill		48

## 7. Reiðtygi og reiðskapur

Kvenreiðtygi, nl. söðull gamall með reiða, koparhringjugjörðum, þófa, áklæði gömlu og beisli, til samans	7	32
Salúnsvefnaðar ábreiða gömul, slitin og illa lit		48
Beisli með koparkjálkum, gamalt		56
Ditto með járnstöngum		48
Þófaól með koparstökkum og ístaðagörmum		32
Ditto með járnstökkum og ólarhöfuðleður, með járnhringjum		16
Reiðgjörð með kopar- og járnhringju		8
Græn söðulsessa		32
Tvenn ólarreipi	1	48
10 pör bandreipa brúkanleg	5	
Tveir klifberagarmar með reiðskap		48

## 8. Smíðatól

Smíðja, nl. smíðjubelgur með aflhólk, töng, slaghamar og naglalóð	1	48
Naglbýtur		6
Fjöl og beygitöng		5
Skaraxar- og handaxarkjök		24
Tveir nafrar		4
Fellhefilstokkur		6
Þrír sléttheflar með tönnum		24
Tvær strikheflamyndir		2
Stór grindarsög		24
Önnur lítil		6

## 9. Tó- og ullarverkfæri

Þrír rokkar misjafnir	1	64
Látúns vírkambar		48
Tvennir ditto garmar		16
Tveir ullarlárar		16

## 10. Amboð

Þrjú orf 24 sk.; fimm hrífur 20 sk.; þrjár klárur 16 sk.		60
Pálgarmur		24
Þrjár varrekur		32
Járnkarl	1	
Taðkláfagarmar		32
Fjórir meisagarmar		32
Stór meis		12

## 11. Aðskiljanlegt

Þrjár grasljáspíkur		24
Messingsljósapípa stór með ljósasöxum		72
Koparlampi		64
Járnlampi stór		48
Járnlampi og kertapípa		16
Handkvörn með vænum stökk, stór	3	64
Lítið borð með skúffu og stólagörmum		80
Stærra ditto með stólum	1	24
Stærst ditto, ditto, í skemmu	2	
Tveir grasapokar og tveir hærupokar		64
Reisla stór, með koparlóði	1	24
Lítil reisla, með steinlóði		16
Tóbaksfjöl með járn		28
Tvær hurðir í stofulofti	1	48
Trekkpottur <sup>5</sup> af tini, gallaður	24	
Tvö flöskufóðursskrifli		24
Fjórar kjallar aflöskur		28
Tvö tunnuskrifli		16
Hjálfanker gamalt		8
Kútur og legill		8
Fjalafleki og grind í skemmu		48
Stólgarmur og borðstólamyndir		16
Skíðistöltur <sup>6</sup> með járnum		8
Fiskasleggja af steini		4
Spegill í sængurhúsi		40
Börur		16
Skrifstokkur		6

## 12. Hús<sup>7</sup>

Hesthús út á túni	3	
Smiðjukofi norðan bæinn		48
Hlaða við fjósið	3	
Miðfjárhúsið niður á velli, með öllu tilheyrandi	5	

## 13. Lifandi peningur

Kýr svartskjöldótt, 10 vetra gömul, snemmbær, sýgur sig	14
Önnur svört, níu vetra gömul, snemmbær, lastalaus	16
Þriðja svört (kölluð Nös), fimm vetra, kálflaus, lastalaus	12
Fjórdja (kölluð Skrauta), sex vetra, kálflaus, sýgur sig	11
Ær 44 að tölu (betri), á 2 rd. stykkið	88

<sup>5</sup> Stendur svo.

<sup>6</sup> Verður helst lesið svo.

<sup>7</sup> Hér er greinilega átt við tiltekin hús á jörðinni. Önnur bæjarhús hafa væntanlega fylgt jörðinni og talin með henni en þessi verið séreign Guðrúnar og Ólafs.

Ditto 23 ditto (lakari) á 10 mk. stykkið	28	32
25 gemlingar	25	
10 sauðir, þriggja vetra og eldri	25	
Bleikur hestur, 19 vetra gamall, meiddur í herðum <sup>8</sup>	6	
Jarpskjóttur ditto, 15 vetra gamall	7	
Rauðvöngóttur, 13 vetra gamall	8	
Rauður, 12 vetra gamall	8	32
Bleikur góðgengur, níu vetra gamall	10	
Bleikskjóttur, á sama aldri, klárgengur	9	48
Bleikblesóttur, sex vetra, gallalaus	10	
Bleikskjótt meri, 12 vetra gömul	7	
Mertrippi, þriggja vetra, rauðsokkótt	6	
Ditto, ditto, brúnsokkótt	6	
Rauðblesóttur foli, þriggja vetra	6	

#### 14.

Jörðin Torfalækur, 40# að dýrleika, með öllu tilheyrandi, sem gjörandi uppskrift um skammt ljósast sýnir	580	
20 pör duggarasokka	2	
Tvær peysur		64
Þrjú pund af meðalhespugarni		36
Þrjár hillufjalir og laus bekkur við stafinn upp í húslofti		28
Tvær hillur niðri í sængurhúsi og laus bekkur		32
Rúmstokkur með bríkum og fjalaspýtum í botni niðri í sængurhúsi	1	
Hilla og fjöl í skemmu		16
Lokrekkju umgjörð í sængurhúsi	2	
Rúm í húsi uppi		64
Rúmstokkur með bríkum austanvert framan húsdyr, með uppstandara og rúmfjöl og fjöllum fyrir öðrum gafli		48
Ditto þar á móti, nl. rúmstokkur, rúmfjöl og uppstandarar tveir, samt þremur fjöllum fyrir gafli		32
Ditto rúmstokkur og ein brík		24
Ditto fyrir gafli, með rúmstokk, bríkum og mörum		32
Rúm móti baðstofudyrum niðri, með rúmstokk, bríkum, rúmfjöl, tveimur löngum uppstöndurum og stiga með einni rim		48
Loft í skemmu með lúkuhurð og stiga	8	48
Spýtur í hesthúsi og ás sunnanundir bænum, sex að tölu (álíst viðarhestur)	1	
Enn laus viður sem mest vænn viðarbaggi		56
Látúnsdósir stórar		48

<sup>8</sup> Óljóst.

Leirkall og leirkrukka	<u>20</u>
[Summa]	1122 33

Skuldir á framanskriðu sterbúi teljast þessar eftirfylgjandi:

Kaupstaðarskuld	3 24
Peningalán 10 specíur	20
Tveggja ára þingjald til sýslumannsins	6 48
Til prests og kirkju tíundir etc.	2 24
Til vinnufólks	2 48
Til Sveins í Köldukinn	5 48
Til Benedikts á Giljá	<u>1</u>
[Summa]	41

Hér við bætist:

Útfararkostnaður ekkjumannsins	<u>29 6</u>
[Summa]	70 6

Þessari uppskrift til staðfestu undirskrifa, sama stað og ár, degi síðar en upphaflega greinir.

Hannes Þorvaldsson, Benedikt Jónasson

Ár 1824, þann 8. maí, deildu hlutaðeigendur milli sín framanskriðu sterbúi, að viðverandi Benedikt Jónassyni á Stóru-Giljá, hvörs nærveru og tilstyrks þeir sameiginlega óskuðu. Stúdent Arnbjörn Árnason á Stóra-Ósi var nálægur sem annar aðalhlutaðeigandi vegna eiginkonu sinnar, madame Sigurlaugar Bjarnadóttur, einka lífserfingja madame Guðrúnar sálugu. Gjörðu svo viðkomendur með bestu einingu helmingafélag sín í millum á föstu og lausu, en töluðu jafnframt um að gjöra og innganga frekari samning (jafnvel viðtengja hann ef svo lítist þessu skiptabréfi) í tilliti skipta eður innlausnar á ekkjumannsins helmingi í jörðunni Torfalæk, eftir hans dag í því mögulega tilliti ef honum yrði ekki lífserfingja auðið.

Virðingarsumma sterbúsins hér að framan eftir uppskriftinni er 1122 rd., 33 sk.

[Síðan var gengið frá skuldum til kaupstaðar og vinnufólks, þingjaldi, til prests o.s.frv. Þetta að upphæð 70 rd. 6 sk. lét eftir 1052 rd., 27 sk., hvor helmingur var 526 rd., 13 ½ sk. Fékk Ólafur helminginn en Sigurlaug helming. Þau skipta með sér gripum og hlutum sitt á hvað og fær hvort þeirra 20# í jörðunni Torfalæk. Rek það ekki frekar.]